



Borgarráð Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. júní 2021
USK2020020007

Tilvísun í mál: R20010382

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um deiliskipulag fyrir grenndarstöðvar við Arnarbakka í Breiðholti

Á fundi borgarráðs 30. janúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarráð hefur samþykkt deiliskipulag fyrir grenndarstöðvar við Arnarbakka í Breiðholti. Grenndarstöð sem er núna á stór-bílastæði við Arnarbakka til móts við Maríubakka verður færð til og verður framvegis staðsett á núverandi snúningshaus við Leirubakka. Flokkur fólksins óskar að vita hvers vegna er verið að flytja gámana? Þar sem fyrirhugað er að setja gámana fýkur ruslið yfir blokkirnar í sunnan og suðaustan átt. Þarna er mikill strengur. Þeir sem leggja þetta til þekkja ekki til veðurs á þessu svæði. Skárri kostur væri að setja gámana í suðausturhorn bílastæðis við Leikskólann Arnarborg. Þar er skjól og það er miðsvæðis. Flokkur fólksins telur að þessi stæði séu ekki nýtt.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu en það barst röngum viðtakanda.

Grenndarstöðin var endurgerð á núverandi stað við Arnarbakka til móts við Maríubakka og voru verklok haustið 2020.

Virðingarfyllst

Friðrik Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða